



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Sent á aðildarsveitarfélög
Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.**

Selfossi, 29. janúar 2026
2601118HS SG

Efni: Frumvarp um afnám heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Þann 26. janúar sl. lagði Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram í Samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til laga undir formerkjum um einföldun eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (*sjá mál nr. S-3/2026: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.*) Bóðað er að Atvinnuvegaráðherra leggi fram samsvarandi frumvarp sem lýtur að hlutverki heilbrigðisnefnda á sviði matvælaeftirlits.

Brýn ástæða er til að vekja athygli sveitarstjórna á fram komnu frumvarpi um að leggja niður heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga en skilja eftir viss verkefni hjá sveitarstjórnunum. Málið á sér langan aðdraganda og var m.a. áður til umfjöllunar í Samráðsgátt stjórnvalda (mál nr S-160/2025 „áform um lagasetningu.“)

Efasemdir heilbrigðisnefndar, SASS og sveitarstjórna

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur ítrekað bókað efasemdir sínar við áformin og telur hægt að ná sama árangri með minni tilkostnaði og áhættu. Auk þess samþykkti stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga bókun á 629. fundi þann 22. október 2025 þar sem segir:

Stjórn SASS tekur heilshugar undir þær athugasemdir sem Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa gefið um fyrirhugaðar breytingar og skorar á Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að draga umrædd áform til baka en leiða þess í stað vinnu ríkis og sveitarfélaga í að laga núverandi kerfi og tryggja öfluga og góða nær þjónustu í öllum landshlutum.

Þá koma fram áhyggjur af áformunum og samráðsleysi í mörgum sveitarstjórnunum s.s. í bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar frá 16. nóvember 2023 og er í fullu gildi enn þann dag í dag sjá bókunina orðrétt:

Bæjarráð telur að mörgum spurningum sé enn ósvarað varðandi fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirliti.

Bæjarráð leggur áherslu á að fyrirhugaðar breytingar muni ekki fela í sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélög og að í áframhaldandi vinnu sé haft náið samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitsnefndir og aðra hagaðila.

Óvissa um rekstur og ábyrgð

Áformin hafa þegar skapað óvissu um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á næstu mánuðum. Veruleg hætta er á að röskun verði á starfseminni og að embættið verði ekki þess megnugt að veita lögbundna þjónustu. Þá er fyrirséð að þær skuldbindingar



sem nú hvíla á heilbrigðiseftirlitinu, svo sem vegna ráðningarsambanda, lífeyrisskuldbindinga, húsaleigusamninga og annarra rekstrarlegra þátta geti lent á þeim sveitarfélögum sem eiga aðild að Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Áhrif á sjálfstjórn sveitarfélaga

Samkvæmt 78. gr. stjórnarskrárinnar njóta sveitarfélög sjálfstjórnar og ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Í álitsgerð Trausta Fannars Valssonar, dósents við Lagadeild Háskóla Íslands (apríl 2025), er bent á að flutningur verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins krefjist skýrra lagaheimilda og samráðs. Ekki verður séð að slíkt formlegt samráð hafi átt sér stað. Breytingarnar fela í sér verulega skerðingu á lýðræðislegri aðkomu sveitarstjórna að leyfisveitingum á sviði umhverfis-, hollustuhátta- og matvælamála og munu þannig hafa bein áhrif á lífsgæði og þjónustu við íbúa. Þá miða breytingarnar að miðstýringu sem er líkleg til að hægja mjög á öllu athafnalífi á svæðinu.

Áhrif á þjónustu og kostnað sveitarfélaga

Ljóst er að mörg verkefni sem heilbrigðiseftirlitin sinna í dag, m.a. á grundvelli laga um úrgang, fráveitur og dýrahald, að ógleymdum bílhræjum og umgengni á lóðum, munu áfram þurfa úrlausnar við á sveitarstjórnarstigi. Sveitarfélögin munu að óbreyttu ekki lengur njóta þeirrar samvinnu og staðbundnu þekkingar sem nú er til staðar, heldur mun hvert sveitarfélag þurfa að standa eitt og sér að þessum verkefnum og sjá fram á aukinn kostnað og hættu á vanmætti í framkvæmd lögbundinna verkefna. Þá virðist lagafrumvarpið eFkki tryggja sveitarfélögunum þau stjórnsýsluúrræði sem heilbrigðisnefnd hefur nú, auk þess sem ekki virðist gert ráð fyrir að sveitarfélög geti haft samstarf um þau verkefni sem ekki verða flutt til ríkisvaldsins. Í frumvarpinu er boðað að kostnaður vegna eftirlits með leyfissskyldri starfsemi sveitarfélaga geti aukist við þessar breytingar (sjá 7. kafli, 4. mgr. í greinargerð með frumvarpi).

Staðbundin þekking hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Hjá embættinu hefur í gegnum áratugina byggst upp þekking á staðháttum á svæðinu. Nægir þar að nefna grunn- og neysluvatnsmál og þekkta mengunarstaði m.a. tengda innlendum umsvifum. Þessi þekking nýtist til dæmis við gerð umsagna um aðal- og deiliskipulög sveitarfélaga og um skipulagsáætlanir og ekki síður aðkomu embættisins að margvíslegum neyðarráðstöfunum á tímum náttúruhamfara á svæðinu. Mikil hætta er á að þessari þekkingu verði kastað á glæ og langan tíma taki að byggja hana upp að nýju.

Viðbragð við óvæntum atvikum

Reglulega koma upp ófyrirséð atvik þar sem kostur er að hafa staðbundið stjórnvald sem getur brugðist hratt við, annað hvort með ráðleggingum eða aðgerðum. Raunveruleg dæmi eru ótal mörg og sum endurtaka sig reglulega eins og hópsýkingar og mengunarslys á vatnsverndarsvæðum. Einnig mætti nefna afleiðingar jarðskjálfta og eldgosa með tilheyrandi vöktun á neysluvatni sem heilbrigðiseftirlit sinnir með forgangi fram yfir öll önnur verkefni og bregst hratt við þegar upp kemur. Hvalreki og skipskaði (Vikartindur) eru mál sem eru raunveruleg verkefni heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Veruleg hætta er á að möguleiki á slíku viðbragði verði ekki lengur fyrir hendi verði boðuð áform að veruleika.

Skortur á samráði og áætlun um yfirfærslu

Frumvarpið hefur að geyma ákveðnar vísbendingar um hvernig yfirfærsla verkefna, starfsmanna og eigna mun fara fram. Hins vegar hafa sveitarfélögin ekki verið boðin



sérstaklega að borðinu við þessa vinnu, þrátt fyrir að þau hafi verulega hagsmuni af niðurstöðunni.

Hagsmunagæsla sveitarstjórna

Heilbrigðisnefnd Suðurlands hvetur sveitarstjórnir eindregið til að kynna sér lagafrumvarpið í Samráðsgátt. Þá eru sveitarfélögin hvött til að kalla eftir samráði áður en ákvörðun af þessu tagi er tekin. Eins þarf að fara fram greining á fjárhagslegum og rekstrarlegum áhrifum á sveitarfélögin áður en frumvarp verður lagt fyrir Alþingi og tryggja að verkefni sem áfram verða á hendi sveitarfélaga fái viðeigandi fjármagn og lagastoð.

Gangi áformin eftir, eins og allt útlit er fyrir að þau geri, er sveitarfélögunum bent á að standa vörð um sína hagsmuni þannig að breytingarnar hafi sem minnstan kostnað í för með sér og staðinn verði haldinn vörður um þau lífsgæði íbúa sem felast í heilnæmu umhverfi og öruggum matvælum.

Niðurstaða

Það er fagnaðarefni að stefnt skuli að einföldun stjórnsýslu, samræmingu og aukinni skilvirkni. Eigi þessi fyrirheit ekki að verða orðin tóm verða þau að byggjast á vönduðu ferli, gagnsæi og virðingu fyrir sjálfstjórn sveitarfélaga. Að öðrum kosti er hætta á að traust til opinbers eftirlits veikist og að lífsgæði og þjónusta við íbúa versni. Sveitarstjórnir eru hvattar til að bregðast formlega við þessum áformum og standa vörð um lýðræðislega ábyrgð og hagsmuni sveitarfélaganna og íbúa þeirra. Þá er full ástæða til að sveitarfélögin bindist samtökum um hagsmunagæslu t.d. á vettvangi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og heilbrigðisnefndar.

Að lokum er aftur vakin athygli á meðfylgjandi skoðanagrein með yfirskriftina „*Tilraunastarfsemi stjórnvalda á kostnað matvælaöryggis og lýðheilsu*“ sem framkvæmdastjórn heilbrigðiseftirlitssvæðanna 9 birtu á vísir.is fyrr í mánuðinum.

Vert er einnig að nefna eftirfarandi bókun á 251. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands í gær, vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. 265 á 157. löggjafarþingi:

Til kynningar umsögn SHÍ. Stjórn SHÍ var þann 12. janúar sl. kölluð fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ásamt fulltrúum frá HER og voru umsagnir um ofangreint frumvarp um umhverfis- og orkumál, umræðuefni fundarins þar sem m.a. eftirlit með virkjunum verði fært frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisins. Jafnframt voru leyfðar umræður um áform stjórnvalda um færslu verkefna HES til ríkisstofnana og var það kærkomið tækifæri til að ræða við fulltrúa löggjafans beint.

Samrit: Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

